

Greinargerð

Almennt

Deiliskipulagssvæðið er um 28 ha að stærð, þar af er heildarurðunarsvæðið 9,6 ha og er gert ráð fyrir allt að 500 tonnum af almennum úrgangi árlaga til urðunar. Urðunarstaðurinn er að öllu leyti í landi Snartarstaða II, sunnan við Sandhaug og vestur af Viðarási, um 2 km norðaustan Kópaskers. Svæðið er um 2 km austur af strandlengjunni við Óxarfjörð og rétt austan við þjóðveginn sem fer um Melrakkasléttu.

Forsendur

Landið er í um 20 m hæð yfir sjó á sléttum gróðurvana melum. Hér var áður flugvöllur en notkun hans var hætt fyrir 30 árum þegar nýr völlur var tekin í notkun nær Kópaskeri. Svæðið er á flötu landi norðaustan Kópaskers með Leirhafnarfjölli í austri og Snartarstaðunip í norðri. Snartarstaðalækur rennur frá Leirhafnarfjöllum og þaðan skammt frá urðunarstaðnum á leið til sjávar sunnan við Kópasker. Þann 1. janúar 2013 voru íbúar Kópaskers 122 talsins. Þjónustusvæði urðunarstaðarins flokkast sem afskekkt byggð sbr. skilgreiningu reglugerðar um urðun nr. 738/2003. Urðunarstaðurinn nýtur því undanþágumöguleika sem tilgreindir eru í 25. gr. reglugerðarinnar varðandi: vöktunarárkvæði, sýnatökur, starfsleyfistryggingu, botnþéttingu og gassöfnun. Umhverfisstofnun tekur á þeim málum í starfsleyfi.

Urðunarstaðurinn hefur þegar verið nýttur fyrir almennan úrgang í 10 ár og fyrir sláturúrgang í 14 ár. Framtíðaráætlun fyrir svæðið hljóðar upp á að urða 500 tonn á ári (250 tonn af almennum úrgangi og 250 tonn af sláturúrgangi) miðað við fullnýtingu á starfsleyfi. Gert er ráð fyrir nýtingu á svæðinu til næstu 30 ára, eða til ársins 2043.

Endanleg lokun og frágangur svæðisins verður unnið samkvæmt áætlun og fyrirmælum Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmdum

Urðunarstaðurinn skiptist í tvö svæði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að vinna þau jafnhliða, eftir aðstaðum hverju sinni. Svæði 1 er rúmlega 4,6 ha og svæði 2 er tæpir 5,0 ha. Vinna skal reitina frá suðri til norðurs. Á svæði 1 hefur urðun þegar farið fram og á uppdrætti er það svæði afmarkað Eldra svæði frágengið. Frágengið svæði er um 3,2 ha að stærð.

Umhverfisskýrsla

Inngangur

Deiliskipulag urðunarstaðarinnar við Snartarstaði norðan Kópaskers lýsir áætlun um áframhaldandi rekstur fyrir móttöku og förgun á almennum úrgangi, með það að markmiði að endurnýja starfsleyfi. Urðunarstaðurinn hafði starfsleyfi, útg. 9.12.2002, fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonnum á ári af neyslu- og rekrstarúrgangi og gílti það til 9.12.2012. Megin þjónustusvæði urðunarstaðarinnar er dreifbýli Norðurþings, fyrrum Óxarfjarðarhreppur, Keldu-neshreppur og Raufarhafnarhreppur.

Staðhættir á urðunarsvæði:

Melrakkasléttan er lágland og flöt, nema austan og vestan megin þar sem lágir móbergshryggir og stök móbergshöfllar tegjast sig frá fjallendinu og obbygðunum á Óxarfjarðarheiði og þar sunnan við. Náttúrufræðilega svæðisins einkennist af þeim norðlægu hafstraumum sem leika um Melrakkasléttuna. Sléttan er vel gróin og jarðvegsþekja yfirleitt samfelld, nema í nágrenni móbergsmýndana. Uppblástur er ríkjandi og berir melar áberandi, t.d. í nágrenni urðunarstaðarinnar. Urðunarstaðurinn er þar sem gamli flugvöllurinn fyrir Kópasker stóð, í um 20 m hæð yfir sjó á sléttum gróðurvana melum. Gamli flugvöllurinn var aflagður fyrir um 30 árum og nýr gerður enn nær Kópaskeri. Svæðið er á u.þ.b. miðri 3-4 km breiðri flatneskju norðaustan Kópaskers, sem afmarkast af móbergshryggnum Leirhafnarfjöllum í austri og móbergsfjallinu Snartarstaðunip í norðri. Snartarstaðalækur rennur frá Leirhafnarfjöllum og þaðan skammt frá urðunarstaðnum á leið til sjávar sunnan við Kópasker.

Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 sem undirritað var af umhverfisráðherra þann 22. desember 2010. Aðalskipulagið nær til þéttbýlis og dreifbýlis og þar er urðunarstaðurinn að Snartarstöðum II skilgreindur sem sorpförgunarsvæði. S1. Þar er gert ráð fyrir að sorpförgunarsvæðið geti nýst út skipulagstímabilið. Á aðalskipulagi er einnig sýnt skotæfingasvæði, merkt O12. Þá tekur nýtt deiliskipulag mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 sem gefin er út af Umhverfisstofnun.

Aðrir kostir

Nokkur hundruð kílómetrar eru til næstu urðunarstaða sem þjónustað geta svæðið og flutningur úrgangs þangað því dýr og mengandi. Brennslustöð er á Húsavík en stór hluti úrgangsins sem til fellur er ekki brennsluhæfur og er fjarlægð þangað einnig mikil. Aukin flokkun og endurvinnsla hefur sin takmörk og leysir því förgun ekki af hólmi.

Umhverfismat

Þar sem áætlað er að urða minna en 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1 en er tilkynningaskyld skv. töluilið 11.b í 2. viðauka laganna. Fyrir urðun í flugbrautinni (svæði 1) liggur fyrir matsskýrslan frá árinu 1998: Urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker - Mat á umhverfisáhrifum, unnin fyrir Óxarfjarðarhrepp af Benedikt Björgvínssyni. Einnig liggur fyrir skýrslan: Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker eftir Halldór G. Pétursson, Náttúrufræðistofnun Íslands frá júní 1997. Urðun á svæði 2 er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt töluilið 11.b og 13.a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þjónustusvæði urðunarstaðarinnar flokkast sem afskekkt byggð, sbr. skilgreiningu reglugerðar um urðun nr. 738/2003. Í henni segir að það sé sú byggð þar sem íbúar eru ekki fleiri en 500, íbúar á hvern ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á ferkílómetra er ekki undir 50 km. Urðunarstaðurinn nýtur því undanþágumöguleika sem tilgreindir eru í 25. gr. reglugerðarinnar varðandi: vöktunarárkvæði, sýnatökur, starfsleyfistryggingu, botnþéttingu og gassöfnun. Tekur Umhverfisstofnun á þeim málum í starfsleyfi.

Áhrif á grunnvatn:

Vestan urðunarstaðinn er þekkt sprungukerfi í berggrunninum og liggur það eftir endilangri vestrarströnd Melrakkasléttu. Berggrunnurinn er ungur og lekur. Við jarðfræðiféttuð er lítið að urðunarsvæði eru 5-10 m þykk laus jarðlög ofan á berggrunninum og hluti þeirra er þéttur jökulróðningur með lága lekt og góða síun. Grunnvatnsstraumar hériendur eru oftast í stefnu lækkandi lands og til sjávar. Nærni yfirborði sveigja þeir oft að ám eða lækjum. Á svæðinu við urðunarstaðinn eru þeir taldir sveigja í átt að Snartarstaðalæk. Rennisli hans nemur nokkrum tugum sekúndulittra. Sýni hafa verið tekin úr honum neðan við innrennissstefnu frá urðunarstaðnum í samráði við eftirtalda og hafa mæliniðurstöður ekki gefið til kynna áhrif vegna sigvatns. Lítil hættla er talin á að sigvatn geti mengað vatnsbóli Kópaskers sem eru í a.m.k. 6 km fjarlægð við Katastaðafjall. Grunnar tjarnir eru um 1 km vestan við urðunarsvæðið nær sjó. Ekki er talið að grunnvatnstraumar liggji frá urðunarsvæðinu að þeim. Engin nýting er á grunnvatni á nærsvæði urðunarstaðarinnar. Vöktun verður áfram í Snartar-

Urðun fer fram á þann hátt að reinar eru grafnar, allt að 4 m á djúpt og uppgröftur settur meðfram reinum til síðari notkunar. Reinin er síðan næri fyllt með almennum úrgangi og uppgrefturinn mokað yfir þannig að yfirflóg sé a.m.k 1 m á þykkt. Úrgangur sem lagður hefur verið í reinita er hulinn samdægurs til að hindra fok og ágang meindýra. Eftir að reinum hefur verið lokað endanlega verður urðunarsvæðið mótað á þann hátt að ásynd svæðisins falli vel að nánasta umhverfi. Nýrst á svæðinu er staðsett tímabundið móttöku- og geymslusvæði fyrir brotajám. Norðan við svæði 2 er aðstaða fyrir skotæfingar.

Íbúabyggð

Fjarlægð frá urðunarstaði að næsta íbúðarhúsi er um 1880 m. Það eru íbúðarhúsin að Snartarstöðum II og að Klifurötu 14, Kópaskeri.

Vegir

Um 130 m eru frá svæðinu að þjóðvegi nr. 85, Norðausturvegi, og er aðkoma að svæðinu frá honum.

Byggingarreitur

Byggingarreitur A er 70x55 m eða 3850 m². Gert er ráð fyrir möguleika á byggingu 50 m² þjónustuhúss og vélageymslu allt að 300 m². Byggingarreitur B er 70x54 m eða 3780 m². Þessi byggingarreitur tilheyrir skotæfingasvæðinu og gert er ráð fyrir að hér risi æfingarskýli (3-4 stk). Innan beggja byggingarreita er staðsetning húsa frjáls.

Skotæfingasvæði

Vestarlaega á svæðinu er skotæfingasvæði. Heimilt er að reisa tvo æfingavelli fyrir haglaþyssuskottfimi skv. viðurkenndum reglum Skotíþróttasambands Íslands. Við staðsetningu vallanna þarf að gæta að 100 m öryggissvæði í skotstefnu.

staðalæk og komið verður upp þremur grunnvatnsbrunnnum umhverfis urðunarsvæðið til að mæla grunnvatnshæð og taka sýni. Þá verður sérstaklega gætt að því að urðunarstaðinn berist ekki úrgangur sem inniheldur spilliefni eða annan úrgang með hættulegum efnum s.s. olíum eða þungmálum. Talið er að urðunarstaðurinn geti haft talsvert neikvæð áhrif á grunnvatn næst honum, en þar er engin nýting á grunnvatninu. Þegar komið er lengra frá eru áhrifin óveruleg.

Áhrif á gróður og dýralíf:

Svæðið umhverfis urðunarstaðinn er að mestu ógróinir melar og klappir og hefur verið unnið að uppræðslu á svæðinu vegna upplástrus. Dýralíf í næsta nágrenni urðunarstaðarinnar hefur ekki verið kannað sérstaklega en það er talið fábreytt. Talið er að urðunarstaðurinn hafi óveruleg áhrif á gróður og dýralíf. Urðunarreinarn verða á svæði sem þegar hefur verið raskað verulega. Einhver fugl mun væntanlega sækja í urðunarsvæðið en dregið verður úr því eins og kostur er með daglegri hulu jarðvegs á úrganginn og óðrum lausnum ef þurfa þykir.

Áhrif á fornleifar:

Ekki er vitað um neinarn fornleifar á urðunarsvæðinu enda hefur svæðið sem urðað verður á verið raskað. Verði vart við hugsanlegar fornminjar við gróft á urðunarreinum verður verk stöðvað og Minjastofnun Íslands strax tilkynnt um þær.

Áhrif á samfélag:

Urðunarstaðurinn mun hafa talsvert jákvæð áhrif á samfélagið þar sem hann mun skapa nokkra vinnu fyrir sveitina og jafnframt koma í veg fyrir neikvæð áhrif flutninga úrgangs til fjarlæggra móttökustaða. Áfram verður stuðlað að flokkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu eins og kostur er.

Áhrif á landslag og ásynd lands:

Efni sem grafið er út fyrir urðunarreinum er notað aftur í hulu yfir úrgang og því dreift jafnt yfir svæðið svo hækkun lands verði einungis um 1-2 metrar. Landslag eða ásynd breytist því óverulega. Breyting sem verður á landinu, sérstaklega á rekrstartrima, verður þó sýnileg af þjóðvegnum sem liggur aðeins 100-200 metra vestan við svæðið.

Eftir lokun urðunarreina verður gengið frá þeim með landmötun, þannig að svæðið falli sem best að umhverfinu. Svæðið verður svo ræktað upp með plöntum sem hæfa gróðri í nágrenni urðunarstaðarinnar. Fok úrgangs frá urðun getur orðið vandamál sé ekki rétt að verki staðið. Komið verður í veg fyrir það með stöðvun rekrstrar í sterkum vindi, girðingum og reglubundnum þrífum svæða. Þá kemur til greina að koma fyrir tímabundnum jarðvegsmönum til að mynda skjól vegna foks og draga úr sýnileika urðunar. Áhrif á landslag og ásynd verða því óveruleg.

Áhrif á loft:

Lýkt er oft af hluta þess lífræna úrgangs sem fer inn á urðunarstaðinn. Sérstaklega verður gætt að því að slíkur úrgangur sé ekki urðaður þegar vindátt stendur á byggð. Metangasmyndun ætti að verða fremur lítil í urðunarstaðnum þar sem þykkt úrgangs í reinum er lítil og aðgengi súrefnis inn í reinar nokkuð mikið gegnum gljúf sand- eða malarefni. Áhrif á loftgæði verða því óveruleg. Nokkur gasmælirir eru nú í eldri rein. Þau verða notuð til mælingar ef þurfa þykir.

Samantekt og niðurstaða

Fyrirhugað er að urða allt að 500 tonn á ári af almennum úrgangi á urðunarstaðnum og því er deiliskipulag nú lagt fram vegna endurnýjunar á starfsleyfi. Að óðrum kosti þarf að flytja úrganginn um langan veg til annars förgunarstaðar. Sveitarfélagið mun áfram stuðla að bættari og aukinni flokkun úrgangs, endurvinnslu og minni urðun. Urðunarreinarn eru nú og verða staðsettar í aflagöri flugbraut og með jaðri hennar, á svæði sem er þegar raskað. Landform svæðis breytist óverulega til lengri tíma lítið og með samhlíða uppræðslu gæti ásyndin batnað. Áhrif á grunnvatnsgæði gætu verið talsvert neikvæð næst urðunarstaðnum en talið er að þau séu óveruleg fljör þar sem grunnvatn kemur fram í yfirborðsvatni. Áhrif á gróður og dýralíf verða óveruleg. Áhrif á fornleifar eru engin og áhrif á loft óveruleg. Talsvert jákvæð áhrif verða samfélagið vegna urðunarstaðarinnar. Gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna áhrifa á ásynd, lyktar og foks, vöktun á sigvatni og möguleikum til vöktunar á gasmýndum.


Heimildir

Halldór G. Pétursson, Jarðfræðikönnun vegna sorpurðunar við Kópasker, Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997. Benedikt Björgvínsson, Urðun sorps í gamla flugvöllinn við Kópasker - Mat á umhverfisáhrifum, janúar 1998.



Hnitaskrá

Table with 6 columns: Hnit fyrir lóðarmörk (Nr, X, Y), Hnit fyrir aðkomuveg (Nr, X, Y), and Hnit fyrir byggingarreitum (Nr, X, Y). It lists coordinates for various points on the site.



Úr aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 Urðunarstaður er merktur S1 og skotæfingasvæði er merkt O12

SKÝRINGAR legend section with symbols and descriptions: LÓÐARMÖRK/GIRÐING (dashed line), BYGGINGARREITIR (dotted line), MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS (dashed line), URÐUNARSVÆÐI (orange hatched), ELDRA FRÁGENGID URÐUNARSVÆÐI (diagonal lines).

Sambýktir section containing information about the application, including the name of the facility, dates, and contact information.

Urðunarstaður Kópaskeri Sorsamlag Þingeyinga Tillaga að deiliskipulagi

Table with 3 columns: MÆLIKVARÐI (1:5000), HANNAD: óá, ácg (23. sept 2013), and TEIKNUNUMER (4478-004DSK, 001/001).

